

Sp.

### 31. Tillaga til þingsályktunar

[28. mál]

um niðurfellingu gjalda af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir nauðsynlegum laga-breytingum, svo að niður falli aðflutningsgjöld, vörugjald og söluskattur af efni og búnaði til stofnframkvæmda hitaveitna (þ. e. framkvæmda að dreifikerfi).

#### Greinargerð.

Dingsályktunartillaga þessi var í fyrstu flutt veturinn 1976, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi tillögunni þá svofelld greinargerð:

„Það mun í flestum tilvikum ríkjandi hefð að fella niður gjöld til ríkisins af innfluttu efni til framkvæmda við raforkuver og hefur þótt fullkomlega réttlætánlegt. Hitt ætti ekki síður að þykja réttmætt, að fella þessi gjöld niður af hitaveituframkvæmdum, sem nú eru ýmist í gangi eða mjög í athugun, til að nota innlendan hitagjafa og láta hann leysa dýran, innfluttan hitagjafa (olíuna) sem víðast og mest af hólmi.

Venjulegast mun sá háttur hafa verið hafður á um raforkuver, að Alþingi hefur heimilað ríkisstjórn eftirgjöf tiltekinna gjalda á hverri virkjun fyrir sig, enda varla nema 1—2 umtalsverðar virkjanir í gangi hverju sinni. En öðru máli gegnir um hitaveituframkvæmdir nú. Þegar eru í gangi hitaveituframkvæmdir á Suðurnesjum, Suðureyri við Súgandafjörð, á Siglufirði og í þéttbýli Reykjadal í Suður-Þingeyjarsýslu, en fram undan hitaveita til Akureyrar og væntanlega Akraness, Borgarness, Blönduóss og ýmsar fleiri vafalaust innnan tíðar. Það gefur því auga leið, að afar mikilsvert er, að Alþingi marki ákveðna heildarstefnu í þessu máli, þegar það liggur í loftinu að hagkvæmni sumra þessara hitaveitna sé undir því komin, hvort frammanefnd gjöld eru felld niður eða ekki.

Þegar á það er horft, að verulegur hluti þessara framkvæmda hlýtur að gerast fyrir erlend lán, sem viðkomandi sveitarfélög verða að standa straum af, hafandi bundna tekjustofna, verður það tæpast talið ósanngjarnt að ríkið rétti þeim hjálparhönd í því formi, sem hér er greint, lítandi á, að engar yrðu ríkistekjur af framkvæmdunum, geti sveitarfélögin ekki ráðist í þær.“

Tillaga þessi var endurflutt síð vetrar í fyrra og voru flutningsmenn þá, auk flutningsmanns nú, Benedikt Gröndal og Jón Árm. Héðinsson, en sökum þess, hve seint tillagan var á ferð (1. flutningsmaður ekki inni á þingi fyrr en undir þinglok), komst tillagan aðeins til nefndar, sem ekki vannst tími til að fjalla um hana. Tillögunni fylgdi þá þessi viðbótargreinargerð, sem fullskýrir flutning tillögunnar nú:

„Síðan þessi greinargerð var samin á haustdögum 1976 hefur það gerst varðandi hitaveitu frá Svartsengi og hitaveitu til Akureyrar, að umrædd gjöld hafa með sérstöku ráðherrabréfi ýmist verið felld niður eða lánuð til ákveðins tíma með góðum kjörum. Munu hlutaðeigandi bæjarfélög að sjálfsögðu ekki vanþakka þá fyrirgreiðslu, en um leið og það vekur athygli, að þetta virðist ekki gert samkvæmt sérstökum heimildum í fjárlögum, er ljóst, að undir geðþótta stjórnvalda er hér enn að sækja, en ekki lagaákvæði. Er því óvissan enn fyrir hendi um niðurfellingu þessara gjalda til þeirra hitaveitna, sem nú eru á athugunarstigi eða síðar koma til álita. Kunna ýmsar þeirra að vera svo á hagkvæmnismörkum, að úrslitum ráði, hvort þessi gjöld eru lögð á eða ekki. Teljum við flutningsmenn þessarar þáttill. því mikilsvert, að hér verði skarið tekið af.“